

20. Frumvarp

til laga um frestun á framkvæmd laga nr. 31, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða og laga nr. 50, 16. nóv. 1907, um sölu kirkjujarða.

(Lagt fyrir Alþingi 1917).

Framkvæmd laga nr. 31, 20. okt. 1905 um sölu þjóðjarða, og laga nr. 50, 16. nóv. 1907 um sölu kirkjujarða skal frestað, fyrst um sinn til loka ársins 1919.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Þegar lögum um þjóðjarðasölu og kirkjujarðasölu voru samþykkt, virtust flestir bæði innan þings og utan vera þeirrar skoðunar, að mikið væri undir því komið, að sem flestar jarðir væri í sjálfsábúð, og að rjett væri að stuðla að því með sölu landssjóðsjarðanna. Á síðustu árum hefir farið að bera meira og meira á efasemdum um það, að það hafi verið rjett leið, er farin hefir verið með umgetnum lögum, og hvort ekki hefði verið heppilegra að fara þann veg að tryggja ábúð leiguliða þannig, að hann fái sanngjarnt endurgjald fyrir endurbætur, er hann gerir á jörðinni, og hafi erfðaábúð, enda engin trygging fyrir því, að seldar landssjóðsjarðir haldist í sjálfsábúð. Það kom og fram af þingmanna hálfu á Alþingi 1915 frumvarp um frestun á umræddum lögum, en frumvarpið náði ekki samþykki.

Núverandi ráðuneyti hefir eftir atvikum ekki þótt rjett að nota heimildina til sölu þjóðjarða og kirkjujarða, sjerstaklega vegna hins óvissa peningaverðs, sem nú er. Telur það rjett að frestað sje þegar af þeirri ástæðu sölunni fyrst um sinn, og þá um leið athugað, hvort ekki sje heppilegra að snúa sjer að því að gera ábúðina á landssjóðsjörðum aðgengilegri, heldur en að halda áfram að selja þær.